

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 207/1991. **Guðmundur Stefán Gíslason**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Ólafi Ísleifssyni

(Magnús Óskarsson hrl.).

Sýkna. Málskostnaður. Útivist. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1991. Áfrýjandi hafði áður áfrýjað málinu með stefnu 6. júlí 1989. Málið var nr. 270/1990. Þingsókn féll niður, og var kveðinn upp útivistardómur 23. apríl 1991.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda. Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur í desember 1988 sem sjálfskuldarábyrgðarmanni á skuldabréfi. Útivist varð af hans hálfu í héraði. Áður en málið var tekið til dóms, var fallið frá kröfum á hendur útgefanda bréfsins og öðrum sjálfskuldarábyrgðarmanni, og gekk dómur gegn áfrýjanda einum um greiðslu skuldarinnar 13. apríl 1989.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1989 var útgefandi fyrrnefnds skuldabréfs fundinn sekur um að hafa falsað undirskrift áfrýjanda á skuldabréfið.

Hér fyrir dómi hefur stefndi fallið frá kröfu um, að áfrýjanda verði gert að greiða skuldabréfið, og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Áfrýjanda var löglega stefnt fyrir héraðsdóm, og ekki hefur verið sýnt fram á lögmæt forföll hans. Ber því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans þykir mega líta til þess, að stefndi sótti ekki þing, þegar mál þetta

var til meðferðar fyrir Hæstarétti samkvæmt upphaflegri áfrýjun, en málið var þá tilbúið til flutnings frá hendi áfrýjanda, áður en það féll niður. Verður málskostnaðurinn ákveðinn samtals 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Guðmundur Stefán Gíslason, á að vera sýkn af kröfu stefnda, Ólafs Ísleifssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.